

Alþingi
Erindi nr. P 135/A385
komudagur 28.4.2008

HAUST Heilbrigðiseftirlit Austurlands

s. 474 1235, fax. 471 2971, netfang: haust@haust.is



26. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I kafla I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál EES-reglur, breytingar ýmissa laga, sbr. erindi Alþingis dagsett 9.4.2008:

3. gr. liður 6

Varðandi sölu beint frá býli telur HAUST nauðsynlegt að skilgreina hugtök ítarlega, þ.e. t.d. hugtökin "einkaneysla" og "lítil verslun á heimasvæði" sbr. bls. 32 í útprentun frumvarpsins..

Til skýringar má nefna að taka verður af allan vafa um hvort bera má fram heimaslátrað kjöt, óerilsneydda mjólk o.þ.h. þar sem heimil er sala á gistingu á einkaheimili. Er hugtakið "lítil verslun á heimasvæði" notað um bændamarkaði, þar sem framleiðendur selja beint til neytenda eða er átt við almennar matvöruverslanir, og hver eru þá stærðarmörk fyrir "lítil"

4 gr. c. liður

Hér er kveðið á um yfirumsjónar og samræmingarhlutverk Matvælastofnunar. Matvælastofnun fer því miður ekki af stað með mikið veganesti hvað varðar starfsmannafjölda og reynslu, enda kusu allmargir af þeim starfsmönnum sem unnu hjá MUST að hverfa til annarra starfa. Umhverfisstofnun hefur reyndar líka orðið fyrir miklum skakkaföllum á undangengnum misserum. Það er mat HAUST að ríkið þurfi að efla báðar þessar stofnanir til að þær verði í stakk búnar að sinna hlutverkum sínum, m.a. yfirumsjónar- og samræmingarhlutverki gagnvart heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Hingað til hafa samstarfsnefndir á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits unnið mikið og öflugt starf við gerð samræmami reglna og starfseyfisskilyrða. Í frumvarpinu kemur fram að hér eftir skuli matvælastofnun gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur og að heilbrigðisnefndir skuli fara að fyrirmælum stofnunarinnar. Undirrituð telur það samstarf sem hingað til hefur verið í vinnuhópum hafa verið farsælt og varar við að ein stofnun, sem vart þekkir til heilbrigðiseftirlits á vettvangi búi til reglur og hafi boðvald yfir öðru stjórnsýslustigi.

7 gr.

"Ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla" Hér skal áréttað það mat HAUST að besta leiðin til að tryggja öryggi matvæla og þar með heilbrigði neytenda er að starfsmenn sem meðhöndla matvæli hafi til að bera lágmarksþekkingu á vörunni sem þeir höndla

með. Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa endurtekið en án árangurs óskað eftir að ráherrar umhverfismála setji reglur í samræmi við ofangreinda heimild. Eindregið er mælt með að undirstrikuðu orðunum hér að ofan verði breytt í skal

15. gr.

Skv. hollustuháttalögum nr. 7/1998 m.s.br. bera sveitarfélögin ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits. Á vegum Umhverfissráðuneytis er starfandi vinnuhópur við að endurskoða auglýsingu nr. 254/1999 um uppbyggingu gjaldskráa heilbrigðiseftirlitssvæða. Orðalag 15. greinar býður uppá hártoganir og er ekki í samræmi við þá vinnu sem þegar hefur farið fram í ofangreindum vinnuhópi. Mikilvægt er að samræmi sé hér á milli enda er gert ráð fyrir að hver heilbrigðisnefnd hafi áfram eina gjaldskrá.

21. gr.


Um álagningu dagseкта gildir skv. hollustuháttalögum nr. 7/1998 m.s.br. 27. gr. að dagsektir sem heilbrigðiseftirlit leggur á skuli renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits. Samskonar orðalag þarf að fara inn í ný lög um matvæli. Ekki er viðunandi að dagsektir sem lagðar eru á af einu stjórnvaldi renni til annars stjórnvalds enda er ábyrgðin hjá því stjórnvaldi sem beitir þvingunarúrræðinu.

31. gr.

Skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er meðferð úrgangs, þ.e. til urðunar eða brennslu háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Skv. sömu reglugerð er endurvinnsla úrgangs og önnur sambærileg starfsemi háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar. HAUST tekur það flækja mál ef enn einn aðili, þ.e. Landbúnaðarstofnun er nú falið að vinna starfsleyfi endurvinnslu úrgangs og eða förgun hans, jafnvel þótt um sé að ræða aukaafurðir dýra sem ekki fara til manneldis.

Auknar heimildir til innflutnings matvæla kalla að mati HAUST á aukið eftirlit og sýnatöku á neytendamarkaði. Innflutningseftirlit færast til landamærastöðva og einungis verður heimilt að viðhafa eftirlit í smásölu. Nauðsynlegt er að á vegum Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna verði gerð ítarlegt áhættumat og leiðbeinandi reglur um eftirlit (tíðni, umfang og sýnatökur) í matvöruverslunum og veitingastöðum. Hvort tveggja þarf síðan að leggja til grunna mati á auknu umfangi eftirlits og þar með aukum kostnaði hjá sveitarfélögum.

Virðingarfyllst,


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Helga Hreinsdóttir
frkvstj. HAUSTRLANDSSVÆÐIS

Einnig sent í tölvupósti til nefndasvid@althingi.is